



Opinn fundur í hátíðarsal FG - 15. mars 2023

Kristinn Þorsteinsson bauð öll velkomin á opna fundinn. Síðasti fundur var 5. október og fundargerð þess fundar er á heimasíðu skólans. Hann minntist líka á *Skólalþingið* sem var í desember á síðasta ári. Niðurstöður þingsins eru á heimasíðunni og notaðar af skólanum, stjórn NFFG og mötuneytinu til að gera góðan skóla betri.

Kristinn talaði um breytingar á dimmission – í vor munu nemendur fæddir 2004 og fyrr taka þátt. Hér eftir verður þetta árgangskipt. Þeir sem ætla að útskrifast næsta haust eða á miðönn og eru fæddir 2004 eða fyrr geta dimmiterað.

Stríðsástand ríkir á bílastæðinu – yfirleitt er nóg af stæðum en núna verður gengið hart á eftir þeim sem leggja ólöglega og munu þeir bílar verða dregnir í burtu.

Yfir til skipuleggjanda Imbru:

Tinna og Fríða hafa unnið hörðum höndum við að skipuleggja þemadaga FG, Imbruna. Það verður 80's þema. Dagskráin verður m.a. birt á Instagram seinna í dag og skráning á viðburði byrjar á föstudaginn. Allir þurfa að velja fjóra viðburði á miðvikudegi og tvo á fimmtudegi.

Þá er röðin komin að NFFG:

Viktoría Mist kynnrir árshátíðina sem verður í kjölfar Imbru. Myndband sýnt þar sem m.a. koma fram þeir listamenn sem munu skemmta.

Viktoría bendir nemendum á að taka þátt í könnun á Instagram um hvor árshátíðarmaturinn verður fyrir valinu, kalkúnn eða Búlluborgari. Búlluborgarinn töluvert vinsælli.

Sagt frá dagskránni á árshátíðinni og áfanginn VIÐB3vi05 hefur skipulagt tímann á milli matar og dansleiks.

Leikfélagið

Sýningin í ár heitir Heathers og verður sérstök nemendasýning fyrir þá sem kaupa gullmiðann á árshátíðina. Atriði sýnt við góðar undirtektir.

Sagt frá körfuboltaleik, æfingaleik, sem er upphaf móts sem 16 framhaldsskólar taka þátt í næstu helgi. Svo verður borðtennismót í næstu viku í FG, einnig brennómót í Mýrinni. Allar upplýsingar um það sem verður á döfinni verður birt á Instagram.



Opinn fundur í hátíðarsal FG - 15. mars 2023

Spurningar úr sal:

Spurt var um forvarnir eða fræðslu um einhverfu. - Allir hvattir til að koma vel fram við alla. Það verður skoðað sérstaklega hvað skólinn getur gert.

Veitingasala á Imbrudögum verður í höndum VIÐB3vi05.

Verður grænmetismatur eða vegan á árshátíðinni – já, að sjálfsögðu.

Er NFFG á AUR – því miður eru einhver vandræði með kennitölu FG-inga á appinu. Mörg fyrirtæki bjóða afslætti til framhaldsskólanemenda.

Umræða um staðsetningu dansleiksins og hvernig miðar árshátíðina verða afhentir.

Spurt um frísbíggjvöllinn – búið er að teikna völlinn og þetta á að vinna í samstarfi við Garðabæ. Því miður er þetta ekki komið lengra.

Má bjóða á ballið – já, það má bjóða með sér tveimur gestum.

Spurt um fleiri viðburði – margir litlir viðburðir, m.a. íþróttamót og svo hægt að senda tillögur á Instagram, allar hugmyndir vel þegnar.

Rætt um fyrirkomulag greiðslu á Mexikóferð í vor. Ferðin er ekki á vegum skólans.

Fleiri voru spurningarnar ekki og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Kristín Helga Ólafsdóttir